

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2019, mánudaginn 28. janúar var haldinn 11. fundur menningar-, íþróttá- og tómslundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstaddir: Pawel Bartoszek, Híálmur Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Björn Gíslason, Katrín Atladóttir og Baldur Borgbórsson. Ahevnrarfulltrúi BIL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fara umræður um starfsdag menningar-, íþróttá- og tómslundaráðs sem ráðgerður er þ. 1. febrúar nk.
Samþykkt að Pawel Bartoszek, Björn Gíslason og Elín Oddný Sigurðardóttir verði í undirbúningshópi vegna skipulags dagsins.
2. Lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 24. janúar 2019, um að Anna Jóhannsdóttir taki sæti í innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur sbr. erindi safnstjóra Listasafns Reykjavíkur dags. 18. janúar sl. um fulltrúa í innkaupanefndinni. RMF14110010
Samþykkt.
3. Lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags. 24. janúar 2019, um að Logi Bjarnason, formaður Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík, taki sæti í stjórn safnsins út yfirstandandi kjörtímabil ásamt Katrínu Atladóttur og Híálmari Sveinssyni, sem skipuð voru í stjórnina af menningar-, íþróttá- og tómslundaráði þ. 20. ágúst sl. RMF18080006
Samþykkt.
4. Lagt fram til kynningar yfirlit yfir skipan í hússtjórn Borgarleikhússins. RMF18030006
5. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölmenningsdag, sbr. 8. lið fundargerðar menningar-, íþróttá- og tómslundaráðs frá 8. október 2018. RMF18100003
Samþykkt að vísa tillögunni til fjölmenningsráðs.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna í menningar-, íþróttá- og tómslundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Á fundi þann 14. sept. sl. samþykkti fjölmenningsráð að fela mannréttindaskrifstofu undirbúnung vinnu við ákveðnar breytingar á fjölmenningsdeginum í takt við fyrirmynd frá Kristiansand. Vinna við endurskoðun fjölmenningsdagsins er því þegar hafin á þeim vettvangi. Fulltrúar meirihluta í MÍT taka samt sem áður undir að mikilvægt sé að efla þátttöku innflytjenda í öllum borgarhátíðum með markvissum hætti samhliða þeirri vinnu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í menningar-, íþróttá- og tómslundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins telja eðlilegt að tillaga Sjálfstæðisflokksins um fjölmenningshátíð hefði verið borin upp til atkvæða. Mikilvægt er að hátíðin verði áfram viðburður og fögnum því að endurskoðun sé farin í gang á hlutverki fjölmenningshátíðar og reynt verði að efla þátttöku fólks af erlendum uppruna í öllum hátíðum borgarinnar.

6. Lögð fram afgreiðsla menningar-, íþróttá- og tómslundaráðs vegna styrkja ráðsins á sviði menningarmála 2019 sem lögð var fram og bókuð í trúnaðarbók ráðsins á fundi þess 10. desember sl., ásamt greinargerð faghóps skipuðum fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar dags. 3. desember 2018. RMF18080005

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Gerðir verði samstarfssamningar vegna áráanna 2019-2020 við eftirtalda aðila með árlegu framlagi með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2020:

4.000.000 kr.	Rvk Dance Festival
2.000.000 kr.	ASSITEJ Íslandsdeild alþjóðasamtaka um barnaleikhús
2.000.000 kr.	Myndhöggvarafélag Reykjavíkur sem einnig er tilnefnt Lifthópur Reykjavíkur
1.500.000 kr.	Múlinn Jazzklúbbur
1.000.000 kr.	Harbinger sýningarrými fyrir myndlist

Styrkir til verkefna árið 2019:

3.000.000 kr.	Lókal, leiklistarhátíð – Lókal leiklistarhátíð
2.000.000 kr.	Hlynur Helgason – Hjólið II - Úthverfi Pera Óperukollektíf – Áframhaldandi Óperudagar
1.500.000 kr.	Íslensk grafík – Íslensk grafík í hálfu öld, 1969-2019 Reykjavík Fashion Festival ehf – Reykjavík Fashion Festival 2019
1.000.000 kr.	Lúðrasveit Reykjavíkur – Tónleikahald og önnur verkefni 2019 Bára Kristín Kristinsdóttir – Ramkram - ljósmyndagallerí SÍM – Torg 2019, Listamessa í Reykjavík SÍM – Mánuður Myndlistar 2019 Félag um Ljósmyndahátíð Íslands – Ljósmyndahátíð Íslands 2020 Afrika-lole, áhugamannafélag – FAR Fest Afrika Reykjavík 2019 Kvennakórinn Vox Feminae – Tónleikar, upptökur, samning tónverka, málþing Lúðrasveit verkalýðsins – Lúðrasveit verkalýðsins Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir – IBBY á Íslandi Evrópusamband píanókennara – Evrópusamband píanókennara á Íslandi í 40 ár Steinunn Þórarinsdóttir – Steinunn Þórarinsdóttir í Hallgrímskirkju Hönnunarmiðstöð Íslands ehf – DesignTalks - alþjóðleg ráðstefna í Hörpu Hinsegin dagar í Reykjavík – 20 ára afmælishátíð Hinsegin daga í Reykjavík
800.000 kr.	Sigríður Heimisdóttir – Glerlíkaminn Freyja Eilíf Helgudóttir – Ekkisens, sýningar og viðburðarými Alþjóðlega tónlistarakademian í Hörpu – HIMA 2019
750.000 kr.	Sigurbjartur Sturla Atlason – Haha Páll Einarsson – Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, tónleikar 2019 Gunnsteinn Ólafsson – Starf Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins 2019
700.000 kr.	Alþýðuóperan, áhugamannafélag – KOK Margrét Arnardóttir – Reykjavík Folk Festival Jóna Elísabet Ottesen – Kátt á Klambra 2019
600.000 kr.	Guðný Guðmundsdóttir – Hádegistónleikar Sólfinna ehf. – Freyjujazz
500.000 kr.	Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar – Lífið er heimsins besta gotteri! Hala-leikhópurinn – Uppsetning á leikverki og rekstur leikhúss Handverk og hönnun – Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur Ármann Helgason – Kammertónleikar Camerartica 2019 Klassíski Listdansskólinn - Mjóddamma Kjartan Ólafsson – ErkiTíð - íslensk tónlistarhátíð Pamela De S. Kristbjargardóttir – Börnin tækla tónskáldin 2019 Töfraturð sf. – Ólafía H. Jónsdóttir og Kammersveit Rvk. með Árstíðirnar Leikfélagið Hugleikur – Leikhús við Langholtsveg Íslenski flautukórinn – Hádegistónleikaröðin Andrymi 2019 Ástbjörg Rut Jónsdóttir – Golden Age Þórunn Lárusdóttir – Konukot

	Tinna Hrafnadóttir – Marinetti
	Hannesarholt – Hið nýja samfélag og Hannes Hafstein
	Jóhann Lúðvík Torfason – Húsin við Laugaveg
	Vignir Rafn Valþórsson – Góða Fólkið
	Ragnheiður Ásgeirsd. El Azan – Íslensk leiklestrarhátíð í París 2019
	Halldór Ásgeirsson – Myndfánar
	Sigrún Guðmundsdóttir – Söfnun skólahandavinnu í textíl
	Bergljót Arnalds – Perlurnar okkar
	Ragna Fróðadóttir – Heritage meets the future - Textílráðstefna
	Anna María Tómasdóttir – The last kvöldmáltíð
	Olga Sonja Thorarensen – SJÁLFIN
	Birgir Örn Thoroddsen – Sýnishorn - annað starfsár
	Bergþóra Linda Ægisdóttir – Sónata - ævintýraópera
430.000 kr.	Dudo ehf – Iceland Writers Retreat
400.000 kr.	Elfa Lilja Gísladóttir – Upptakturinn 2019
	Finnur Arnar Arnarson – Bók um Skúrinn
	Ragnhildur Ásvaldsdóttir – Í skjóli fyrir vindum
	Unnur Elísabet Gunnarsdóttir – ÉG BYÐ MIG FRAM
	Íris Ösp Sveinbjörnsdóttir – Reykjavík Underground - Grafiskar konur
	Gerður Sif Ingvarsdóttir – Reykjavík Metalfest 2019
	Hringleikur - Sirkuslistafélag – Nýsirkus-vinnustofur Hringleiks
	Listvinafélag Hallgrímskirkju – Dagskrá 37. starfsárs
300.000 kr.	Wioleta Anna Ujazdowska – Hidden People
	Ragnheiður Árnadóttir – Rödd og Raf
	Jón Helgi Þórisson – Landnámsmenning 2019
	Hallveig Rúnarsdóttir – Jóhannes í nýju ljósi - Jóhannesarpassía Bachs
	Margrét Vilborg Tryggvadóttir – Reykjavík barnanna
	Kári Kárason Þormar – Brilliant Barrokk
	Les Frères Stefson ehf. – Snælda
	Brynja Pétursdóttir – Street dans Einvígið
	Brassband Reykjavíkur – Brassband Reykjavíkur
250.000 kr.	Emilía Rós Sigfúsdóttir – 10 ára afmælis- og útgáfutónl. Elektra Ensemble
200.000 kr.	Ragnheiður Árnadóttir – Mógil tónleikar
158.000 kr.	Lilja María Ásmundsdóttir – Tónleikar á Myrkum músíkdögum 2019

Samþykkt.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð lagði fram svohljóðandi bókun við afgreiðslu málsins:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð þakkar faghópi vegna styrkveitinga á sviði menningarmála fyrir árið 2019 fyrir fagleg og vel unnin störf. Alls var 161 umsókn til umfjöllunar hjá faghópnum og verkefnið því umfangsmikið en að þessu sinni er lagt til að veittir verði 75 styrkir. Öllum þeim sem sóttu um er þakkaður áhugi á því að auðga menningarlíf Reykjavíkur.

Formaður ráðgefandi faghóps um styrki ráðsins og Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tóku sæti á fundinum undir þessum lið.
Gunnlaugur Bragi Björnsson vék af fundinum við meðferð málsins.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð gerir fyrirvara við samþykkt úthlutunar til Reykjavík Fashion Festival, með hliðsjón af því að hátíðin fékk styrk í fyrra en fór ekki fram. Úthlutun til verkefnisins er frestað meðan aflað er frekari gagna.

7. Lögð fram skipan í ráðgefandi faghóp um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála 2019 sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 10. september 2018. Trúnaður ríkti um skipanina sem nú er aflétt í kjölfar úthlutunar styrkja árið 2019. RMF18080005

8. Lagt fram bréf leiklistarhátíðarinnar Lókal dags. 3. janúar 2019. RMF18080005

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Vinstri grænna í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihluta í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði telja ekki ástæðu til að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem komið hefur verið á að faghópur geri tillögur um úthlutun til menningar- og listtengdra verkefna sem ráðið svo samþykkir. Okkar mat er að það fyrirkomulag hafi reynst vel.

9. Fram fer kynning sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs á umsókn Reykjavíkurborgar um að halda European Film Awards 2020. RMF18120001

10. Fram fer kynning á dagskrá Vetrahátíðar 2019, sem fram fer 7.-10. febrúar nk. RMF18090002

Guðmundur Birgir Halldórsson, formaður stjórnar Vetrahátíðar 2019, og Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Fram fer kynning á Iceland Airwaves 2018. RMF16080010

Ísleifur Þórhallson, framkvæmdastjóri Senu Live, og Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:49

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Elín Oddný Sigurðardóttir
Björn Gíslason

Sabine Leskopf
Katrín Atladóttir
Baldur Borgþórsson